

# Mikilvægt að auka hlut kvenna í atvinnulífinu

Félag kvenna í atvinnulífinu ásamt samstarfsaðilum standa að ráðstefnu þann 31. október næstkomandi sem ber heitið Rétt upp hönd og er ráðstefna Jafnvægisvogarinnar. Mannlíf heimsótti Björk Baldvinsdóttir, sviðstjóra sölu- og viðskiptaþróunar hjá fyrirtækinu Dagar, í tilefni þess og spurði hana spjörnum úr um hennar áherslur og fyrirtækisins. En fyrirtækið Dagar hefur svo sannarlega lagt lóð á vogarskálarnar þegar kemur að jafnlaunavottun.

Umsjón / Sjöfn Þórðardóttir  
Myndir / Úr safni Daga



Fyrirtækið Dagar er rótgroíð og sögu þess má rekja allt aftur til ársins 1980. Árið 2000 keypti alþjóðfyrirtækið ISS A/S rekturinn og ISS Ísland varð til. Árið 2017 keyptu svo stjórnendur ásamt hópi innlendra og erlendra fjárfesta, allt hlutafé fyrirtækisins. Fyrirtækið byggir á sterkum grunni með gildi og síðareglur sem fyrirtækið hefur tileinkað sér í alþjóðlegu rekrutrahverfi.

Segðu okkur aðeins frá fyrirtækinu Dagar og helstu markmiðum fyrirtækisins?

„Markmið Daga er að vera fremsta þjónustufyrirtæki á landinu en fyrirtækið er leiðandi í fasteignaumsjón og býður upp á fjölbreytta þjónustu til fyrirtækja, samanber ræstingar, veitingaþjónustu og fasteignaumsjón,“ segir Björk og er stolt af sínu fyrirtæki. „Okkar markmið er að velja ávallt hæfasta fólkið í öll störf en að hafa að leiðarljósi að árangur fyrirtækisins byggist á fjölbreytileika í stjórnun.“

Eitt þriggja fyrstu fyrirtækjanna til að hljóta jafnlaunavottun VR

Þið eruð þegar komin með jafnlaunavottun VR, er það ekki rétt?

„Við vorum eitt þriggja fyrstu fyrirtækja á Íslandi til að hljóta jafnlaunavottun VR og er fyrirtækið með jafnlaunastadalinn IST 85:2012,“ segir Björk. Hjá Dögum starfa 800 manns og eru 75% konur. Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn er 33%, í framkvæmdaráði 37% en sem millistjórnendur eru konur í meirihluta, eða 88%.

Erlendu millistjórnendurnir góðar fyrirmyndir

Hafa stjórnendur hjá ykkur viljað taka raunveruleg skref til að auka jafnrétti í atvinnulífinu?

„Já, stjórnendur Daga hafa ávallt lagt áherslu á að gefa starfsfólki tækifæri á að þróast innan fyrirtækisins og að taka að sér ábyrgðarmeiri störf. Stór hluti af okkar stjórnendum er starfsfólk sem hefur þróast innan fyrirtækisins og eru til dæmis millistjórnendur að langstærstum hluta konur, margar þeirra, bæði íslenskar og erlendar, hafa unnið sig upp. Þær erlendu hafa náð góðum tókum á íslenskunni og standa

sig virkilega vel í starfi. Erlendu millistjórnendurnir eru góðar fyrirmyndir fyrir sína samlanda. Við erum ákaflega stolt af okkar starfsfólki, sama hvaðan það kemur.“

”

„Í hverjum mánuði veitum við viðurkenningu fyrir vel unnin störf, Gullna brosið, sem er þakklæti til starfsmanns fyrir framúrskarandi störf.“

er mikil verk fram undan. Markmiðið er ávallt að efla íslenskt atvinnulíf og er Jafnvægisvogin átak í því.“

Af hverju þarf fjölbreytta liðsheild til að stýra fyrirtækjum, er munur á því að vera með karl- og kvenstjórnendur?

„Það fer alltaf eftir einstaklingnum en mikilvægt er að gildi og viðhorf beggja kynja komi fram í stjórnun fyrirtækja. Ásamt því skiptir líka miklu máli samsetning hvað varðar aldur, þekkingu og hæfni.“

Gullna brosið

Hjá ykkur eru í boði fjölbreytt störf og mikilvægi þeirra ekki oft á allra vörum. Hvernig er hægt að breyta því og

koma skilaboðum til samfélagsins um mikilvægið og laða fólk að í þessi störf?

„Í umræðunni fer oft litið fyrir hvað þessi störf eru mikilvæg, samanber ræsting. Þessi störf ættu að vera meira metin en almennt er. Til að mynda má benda á að ef stofnanir, eins og heilbrigðisstofnanir, leikskólar og skólar eru ekki ræst í einhverja daga þá er þeim lokað með öllum þeim óþægindum fyrir samfélagið sem því fylgir. Ræstingarstarfið er mikilvægt og við reynum að benda okkar starfsfólki á að það beri mikla ábyrgð og það sé mikilvægur hlekkur í keðjunni.

Í hverjum mánuði veitum við viðurkenningu fyrir vel unnin störf, Gullna brosið, sem er þakklæti til starfsmanns fyrir framúrskarandi störf. Við gerum þetta í samstarfi við viðskiptavinir okkar og fáum þannig skemmtilegt tækifæri til að koma hrósi til þeirra starfsmanna. Viðskiptavinir okkar benda á góð verk og tilnefna starfsmenn. Við vitum að jákvæð endurgjöf eykur traust og sjálfstæði í starfi sem leiðir aftur til aukinnar starfsgleði og góðra samskipta.“



**Björk Baldvinsdóttir** hefur starfað hjá Dögum síðan árið 2000, lengst af sem sölu- og markaðsstjóri en síðastliðin fimm ár sem sviðstjóri sölu- og viðskiptaþróunar. Hún er í stjórn og framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Björk er gift Kristjáni Eldjárn og þau eiga tvö börn; Bjarka Eldjárn, 26 ára, og Hildigunni Sól Eldjárn, 25 ára.

dagar